

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

8

11. marz

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur verið fellt að stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, en yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofir, að dómi veiðimálanefndar, veruleg rýrnun eða ger-eyðing fiskistofnsins, og er þá þeim mönnum, er veiðirétt hafa í á þessari og fiskifarvegi hennar til sjávar, heimilt að stofna fiskiræktarfélag fyrir það veiðisvæði samkvæmt ákvæðum laga þessara, að fengnu samþykki veiðimálanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. marz 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.***L Ö G**

um eyðingu svartbaks.

9

11. marz

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. marz 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.***L Ö G**

um lestagjald af skipum.

10

2. apríl

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 101 20. des. 1945, hef látið fella texta þessara laga inn í meginmál laga um lestagjald af skipum, nr. 37 27. júní 1921, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hér á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

10

2. apríl

2. gr.

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

11

2. apríl

L Ö G

um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn nefnd 25 manna, er nefnist „búnaðarráð“. Nefndin skal skipuð bændum eða mönnum, sem á einn eða annan hátt starfa í þágu landbúnaðarins. Heimilt er að tilnefna jafnmarga varamenn. Ráðherra tilnefnir formann ráðsins, og kallar hann það saman til fundar í síðasta lagi 5. september ár hvert. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í búnaðarráði og mæta á fundum þess, nema lögleg forföll hamli.

2. gr.

Fundir búnaðarráðs eru því aðeins lögmatir, að allir nefndarmenn eða varamenn þeirra séu mættir. Nú stendur svo á, að hvorki aðalmaður né varamaður geta mætt á fundi, og skipar þá ráðherra mann í þeirra stað, meðan á forföllum stendur.

3. gr.

Á 1. eða 2. fundi sínum skal búnaðarráð kjósa 4 menn í nefnd, er nefnist „verðlagsnefnd landbúnaðarafurða“. Nefndarmenn skulu að jafnaði valdir innan vébanda búnaðarráðs, en heimilt er þó að víkja frá því, ef heppilegra er talið. Verðlagsnefnd skal kosin meirihlutakosningu, og er enginn löglega kjörinn nema hann hafi hlotið atkvæði meiri hluta búnaðarráðsmanna. Ef ekki næst meiri hluti við endurtekna frjálsa kosningu, skal kosið bundinni kosningu milli þeirra, er flest hafa fengið atkvæði. Kjósa skal tvo menn til vara í nefndina, og taka þeir þar sæti í forföllum aðalmanna.